

Ágæti viðtakandi.

Umsögn: Þingskjal 181 - 112 mál.

Tillaga um breytt orðalag og viðbótarupplýsingar um sálfræðipjónustu innan Háskóla Íslands í þriðju málsgrein neðan frá:

Nýlegar tölur frá Bandaríkjunum gefa til kynna að 1.653 nemendur séu að meðaltali á hvern skólasálfræðing, en ögn eldri tölur telja 1.353 nemendur vera á hvern skólasálfræðing þar í landi. Viðmið samtaka bandarískra skólasálfræðinga (NASP) gera ráð fyrir því að ekki séu fleiri en 1.000 nemendur á hvern skólasálfræðing. Sé hlutverk skólasálfræðings ekki einungis að greina og veita ráðgjöf, heldur einnig að veita viðeigandi meðferð, er mælt með að 500–700 nemendur séu á hvern skólasálfræðing. Háskóli Íslands hefur veitt háskólastúdentum sálfræðipjónustu í rúm 30 ár en á þeim tíma hafa starfandi sálfræðingar verið í mismunandi stöðugildum. Til þess að setja framangreindar tölur í samhengi við núverandi stöðu má nefna að nemendur Háskóla Íslands eru 12.428 talsins en einungis er hálf stöðugildi sálfræðings innan skólans. Eftirspurn háskólastudenta eftir þjónustu sálfræðings hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og biðtími eftir viðtali lengst. Sálfræðideild Háskóla Íslands hefur frá hausti 2013 rekið Sálfræðiráðgjöf háskólanema, þjálfunarklíník þar sem cand.psych. nemar í sálfræði hafa, undir handleiðslu löggilts sérfræðings í klínískri sálfræði, veitt stúdentum skólans og börnum þeirra sálfræðipjónustu. Sú þjónusta, sem er aðallega greining og meðferð á sálrænum vanda, hefur aukist ár frá ári. Ekkert stöðugildi sálfræðings er innan veggja annarra opinberra háskóla.

Með kveðju,
María Dóra Björnsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

María Dóra Björnsdóttir
Deildarstjóri / Director